

101

10. sept.

Allir slökkviliðsmenn, eða aðrir þeir, sem vinna að slökkvivilraunum, æfingum eða björgun við eldsvoða skulu slysaftryggðir á kostnað bæjarsjóðs. Verði slökkviliðsmaður fyrir slysi skal fyrir allt að 10 daga greiða úr bæjarsjóði bætur eftir sömu reglum og slysaftryggingin greiðir eftir þann tíma.

29. gr.

X. KAFLI

Sektarákvæðir o. fl.

30. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal fara sem opinber lögreglumál og greiði hinn seki allt að 100 kr. sekt fyrir afbrot sitt, er renni í bæjarsjóð Akureyrar-kaupstaðar.

31. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi felld reglugerð um skipun slökkviliðs og brunamála í Akureyrar-kaupstað frá 26. september 1919.

Reglugerð þessi staðfestist hérmeð samkvæmt lögum nr. 85, 22. nóvember 1907, til þess að öðlast gildi 1. október 1934, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. september 1934.

Haraldur Guðmundsson.

Páll Pálmason.

102

12. sept.

S A M Þ Y K K T

um sýsluvegin í Mosvallahreppi.

1. gr.

Sýsluvegurinn í Mosvallahreppi er í samþykkt þessari vegurinn frá Mosvöllum að Hjarðardal ytri og frá Breiðadalsá að Þjóðveginum hjá Veðrará.

2. gr.

Samþykkt þessi nær yfir allan Mosvallahrepp.

3. gr.

Sýsluveg þenna skal gera akfæran vögnum og bifreiðum svo fljótt sem unnt er, og skal hann lagður eftir fyrirætlum og umsjón vegamálastjóra.

4. gr.

102

12. sept.

Sá hluti vegakostnaðarins, er ekki fæst greiddur úr rikissjóði, greiðist þannig:

- a. Sveitarsjóður Mosvallahrepps greiði að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ — tvo þriðju — hluta hans.
- b. $\frac{1}{3}$ — einn þriðja — greiði sýslusjóður Vestur-Ísafjarðarsýslu, þó ekki yfir kr. 300.00 á ári, nema sérstakt samþykki sýslunefndar komi til.

5. gr.

Tillag Mosvallahrepps til sýsluvegarins, skal sveitarstjórn taka upp á fjárhagsáætlun hreppsins, þegar hún jafnar niður sveitarútsvörum. Ákveður hún þá hve mikið skuli leggja til vegarins ár hvert.

6. gr.

Skýlt er hreppsnefnd Mosvallahrepps, að annast framkvæmdir á vegalagn-ingunni, ef annað er ekki tilskilið af vegamálastjóra.

Verkakaup í vinnu við veginn greiðir Mosvallahreppur eftir þeim kauptaxta er gildir um vegavinnu rikissjóðs, ef ekki er öðruvísi um samið.

7. gr.

Hreppsnefndin skal árlega leggja fram reikning með fylgiskjöllum yfir allar greiðslur til sýsluvegarins, svo og kvittanir fyrir innborgunum þeim, er 4. gr. samþykktar þessarar áskilur. Skal reikningurinn síðan endurskoðaður með hreppsreikningunum og lagður fyrir sýslunefnd til samþykktar.

8. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum allt að kr. 200.00, sem renna í sveitarsjóð. Með mál útaf samþykkt þessari skal farið sem opinbert lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt samkvæmt lögum nr. 38, 28. nóvember 1919, staðfestist hérmeð til þess að öðlast gildi 1. október 1934 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. september 1934.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.